



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík

90. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn á skrifstofu skólameistara mánudaginn 27. ágúst 1984, og hófst hann kl. 17⁰⁰.

Fundinn sóttu : Ingólfur Halldórsson, settur skólameistari á haustönn , Hjálmar Árnason, settur aðstoðarskólameistari sama tíma, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Bogi Hallgrímsson, Halldór Guðmundsson, Hreinn Ásgrímsson, Ómar Bjarnþórsson, Jón Böðvarsson, Edda Rós Karlsdóttir, fulltrúi nemenda, Gísli Torfason, fulltrúi kennara og Valtýr Guðjónsson, ritari skólanefndar.

Þetta gerðist:

Áður en gengið var til dagskrár samkvæmt fundarboði lýsti Jón Böðvarsson yfir því að hann hefði sett þá Ingólf og Hjálmar inn í þau störf er þeir munu gegna þessa önn og afhent þeim öll gögn sem störfunum fylgja og léti nú formlega af skólameistarastörfum á þessari önn. Jón sagði að Ingólfur og Hjálmar hefðu haft veg og vanda af kennsluskiptingu og öðrum venjubundnum haustannarundirbúningi, og tækju nú við skrifstofum þeim er embættunum fylgja. Afhenti Jón síðan Ingólfi lykilinn að skólameistaraskrifstofunni. Formaður skólanefndar þakkaði Jóni unnið starf, en kvað ekki ástæðu til formlegrar kveðjuathafnar sökum þess að hér væri um skammtíabrottför að ræða, sbr. fyrri fundargerðir. Vék hann síðan að auglýstri dagskrá.

1. Ingólfur lýsti undirbúningi haustannar. Ljóst er að nemendatala verður svipuð og var fyrir ári. Stundaskrárgerð er að mestu lokið. Boðaður hefur verið kennarafundur næstkomandi miðvikudag, einnig skólastjórnendafundur, fundur með nýjum kennurum og fundur með öldungadeildar-nemum. Stundaskrár verða afhentar mánudaginn 3. september og kennsla hefst næsta dag. Eftirtaldir 11 kennarar láta af störfum :

Anna Lea Björnsdóttir (ársleyfi), Björn Baldursson, Hafliði H Jónsson, Haukur Jónsson, Helgi Gústafsson, Héðinn Skarphéðinsson, Jón Agnar Ármannsson, Sigríður Bílddal (ársleyfi), Sigríður Geirsdóttir, Sigrún Oddsdóttir og Sigurlaug Kristmannsdóttir. Í þeirra stað koma : Axel Nikolaison, Björn Örvar, Guðrún Erla Sigurðardóttir, Gunnar M Jónsson, Gylfi Guðmundsson, Hermann Bjarnason, Kristinn Kristjánsson, Magnús Karlsson, Ósa Knútsdóttir, Ragnar Karlsson, Ragnheiður Samundsdóttir, Unnur Ólafsdóttir og Unnur Þorsteinsdóttir. Val kennara samþykkt.

Ráðið hefur verið í allar kennarastöður. Erfitt reyndist að fá menn með tilskilda menntun til kennslu á rafionbraut og í starðfræði, og hefur raunar ekki enn verið formlega gengið frá ráðningu allra sem að framan eru taldir í hópi nýrra kennara. Ingólfur upplýsti að kenndar vikustundir á Önninni yrðu um 1050. Hann lagði til að innritun-, pappirs- og félagsgjöld yrðu samtals 1200 krónur, en efnisgjald í grunndeildum verknáms 2500 krónur og var hvorttveggja samþykkt samhljóða.

Jón vakti athygli á að eðlilegur kennslustundafjöldi í samræmi við tölu nemenda ætti að vera um 1150. Sá niðurskurður á fámönnum námsáföngum sem ákveðinn hafi verið á þessari Önn í því skyni að halda launakostnaði innan ramma fjárlaga væri neyðarúrraði.

Ingólfur skýrði frá að 30 menn hefðu sótt um þátttöku í fyrirhuguðu vélstjórnarnámskeiði fyrir þá sem starfað hafa þrjú ár eða lengur sem vélstjórar. Torvelt taldi hann að veita viðtöku fleiri en 24 vegna þess að hópstarð í verklegu námi miðast við töluna 12. Samið hefur verið við skólastjóra Vélskóla Íslands, Andrés Guðjónsson, um að verklega námið fari að nokkru fram þar innfrá. - Ennfremur upplýsti Ingólfur að tala öldungardeildarnema á Önninni virtistætla að verða um 120.

2. Valtýr lagði fram bráðabirgðayfirlit um fjárhagsstöðu skólans. Þar kemur fram að samrekstrarkostnaður til þessa dags er kr. 5.333.200. Ekki er unnt á þessari stundu að reikna nákvæmlega hver hlutur ríkissjóðs á að vera nákvæmlega sankvæmt uppgjorsreglum sem ráðuneyti ákveða einhliða, en sú upphæð mun þó ekki lágri vera en röskar tvær milljónir króna. - Ríkissjóður hefur engan launakostnað greitt á þessu ári vegna samrekstrar, en kr. 910.000 vegna annars rekstrar af þeim 1.200.000 sem gjaldfallnar eru sankvæmt greiðsluáætlun sem ráðuneytið hefur sjálft gert og sent skólanum. Valtýr sagði að sveitarfélögin héldu rekstrinum gangandi sem jafnan áður. Loks lagði hann fyrir skólanefndina tillögu að bréfi til ráðuneytisins varðandi samrekstrarmálin. Jón Böðvarsson kvað Valtý hafa sýnt mikinn dugnað og lagni við fjármála- stjórnun skólans, þakkaði honum gott samstarf og sveitarfélögunum eindreginn og óskoraðan stuðning við skólann. Jón nefndi tvennt sem binda má vonir við að bæti rekstrarstöðuna á næstunni; væntanlegar verðbætur vegna stofnfjárframkvæmda undanfarin ár og gildistöku reglugerðar sem menntamálaráðherra hefur falið aðstoðarráðherra sínum, Ingu Jónu Þórðardóttur, að semja, en hlutverk þeirrar reglugerðar mun m.a. að tryggja rekstraröryggi fjölbrautaskólanna. Jón lagði til að tillögu Valtýs um ritun bréfs vegna fjármálanna væri vísað til fjárhagsnefndarinnar - og var það samþykkt.

Í umræðunni kom fram að á sameiginlegum fundi forráðamanna fjölbrautaskólanna á Akranesi, Selfossi og Suðurnesjum hafði Jón Böðvarsson verið valinn tengsla- maður við ráðuneytið af hálfu þessara skóla varðandi samningu nefndrar reglu- gerðar. Skólanefndin staðfesti þá ákvörðun af sinni hálfu.

Ráðið hefur verið í allar kennarastöður. Erfitt reyndist að fá menn með tilskilda menntun til kennslu á rafiðnabraut og í stærðfræði, og hefur raunar ekki enn verið formlega gengið frá ráðningu allra sem að framan eru taldir í hópi nýrra kennara. Ingólfur upplýsti að kenndar vikustundir á önninni yrðu um 1050. Hann lagði til að innritunar-, pappírs- og félagsgjöld yrðu samtals 1200 krónur, en efnisgjald í grunndeildum verknáms 2500 krónur og var hvorttveggja samþykkt samhljóða.

Jón vakti athygli á að eðlilegur kennslustundafjöldi í samræmi við tölu nemenda ætti að vera um 1150. Sá niðurskurður á fámennum námsáföngum sem ákveðinn hafi verið á þessari önn í því skyni að halda launakostnaði innan ramma fjárlaga væri neyðarúræði.

Ingólfur skýrði frá að 30 menn hefðu sótt um þátttöku í fyrirhuguðu vélstjórnarnámskeiði fyrir þá sem starfað hafa þrjú ár eða lengur sem vélstjórar. Torvelt taldi hann að veita viðtöku fleiri en 24 vegna þess að hópstærð í verklegu námi miðast við töluna 12. Samið hefur verið við skólastjóra Vélskóla Íslands, Andrés Guðjónsson, um að verklega námið fari að nokkru fram þar innfrá. - Ennfremur upplýsti Ingólfur að tala öldungardeildarnema á önninni virtistætla að verða um 120.

2. Valtýr lagði fram bráðabirgðayfirlit um fjárhagsstöðu skólans. Þar kemur fram að samrekstrarkostnaður til þessa dags er kr. 5.333.200. Ekki er unnt á þessari stundu að reikna nákvæmlega hver hlutur ríkissjóðs á að vera nákvæmlega samkvæmt uppgjörssreglum sem ráðuneyti ákveða einhliða, en sú upphæð mun þó ekki lægri vera en röskar tvær milljónir króna. - Ríkissjóður hefur engan launakostnað greitt á þessu ári vegna samrekstrar, en kr. 910.000 vegna annars rekstrar af þeim 1.200.000 sem gjaldfallnar eru samkvæmt greiðsluáætlun sem ráðuneytið hefur sjálft gert og sent skólanum. Valtýr sagði að sveitarfélögin héldu rekstrinum gangandi sem jafnan áður. Loks lagði hann fyrir skólanefndina tillögu að bréfi til ráðuneytisins varðandi samrekstrarmálin. Jón Böðvarsson kvað Valtý hafa sýnt mikinn dugnað og lagni við fjármála- stjórnun skólans, þakkaði honum gott samstarf og sveitarfélögunum eindreginn og óskoraðan stuðning við skólann. Jón nefndi tvennt sem binda má vonir við að bæti rekstrarstöðuna á næstunni : væntanlegar verðbætur vegna stofnfjárfamkvæmda undanfarin ár og gildistöku reglugerðar sem menntamálaráðherra hefur falið aðstoðarráðherra sínum, Ingu Jónu Þórðardóttur, að semja, en hlutverk þeirrar reglugerðar mun m.a. að tryggja rekstraröryggi fjölbrautaskólanna. Jón lagði til að tillögu Valtýs um ritun bréfs vegna fjármálanna væri vísað til fjárhagsnefndarinnar - og var það samþykkt.

Í umræðunni kom fram að á sameiginlegum fundi forráðamanna fjölbrautaskólanna á Akranesi, Selfossi og Suðurnesjum hafði Jón Böðvarsson verið valinn tengsla- maður við ráðuneytið af hálfu þessara skóla varðandi samningu nefndrar reglu- gerðar. Skólanefndin staðfesti þá ákvörðun af sinni hálfu.

3. Rætt var hvort leggja skuli skólaakstursgjald á nemendur frá stöðum utan Keflavíkur og Njarðvíkur, sbr. bréf menntamálaráðuneytis þess efnis frá fyrra ári. - Ingólfur minnti á að skólanefndin hefði á 83. fundi, 10. desember 1983, samþykkt að sveitarfélögin tækju þennan kostnaðarlið á sig - og skýrði frá að nefnd sem fjalla skyldi um mál þetta (Ingólfur, Hreinn, Ómar) legði eindregið til að sama skipan héldist : nemendur greiddu ekki akstursgjald. Tillagan var einróma samþykkt. Sbr. fylgiskjal.

4. Hjálmar hafði framsögu um námskeiðahald (starfsnám) á vegum FS og aðila á vinnumarkaði. Lýsti hann undirbúningsstarfi í sumar í framhaldi af umræðum á 87. fundi skólanefndarinnar 2. maí s.l., sbr. skýrslu Hjálmars frá þeim degi. Árangur sumarstarfs nefndar á vegum FS (Hjálmar Arnason), Verslunarmannafélags Suðurnesja (Magnús Gíslason), Félags kaupsýslumanna á Suðurnesjum (Guðjón Ómar Hauksson) og Kaupfélags Suðurnesja (Gunnar Sveinsson) er bæklingur sem kom úr prentun í dag (27. ágúst) og áformað er að dreifa ef skólanefndin samþykkir. Þar eru kynnt ellefu námskeið sem haldin verða fáist 12 þátttakendur eða fleiri. Lagt er til að kennslugjald verði kr. 900 og þrískiptist þannig að þátttakendur, stéttarfélag og atvinnurekandi greiði sinn þriðjunginn hver,- en skólinn leggi til húsnæði og útvegi kennara.-Skólanefndarmenn fóru lofsamlegum orðum um bæklinginn og störf nefndarinnar og staðfestu einróma tillögur hennar.

Í umræðum kom fram áhugi á samstarfi við fleiri aðila á vinnumarkaði, sbr. umræðu á fyrri skólanefndarfundum, og skýrði Hjálmar frá því að stjórnendur skólans væru sama sinnis. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að færa starfsnámið yfir á fleiri svið í atvinnulífinu.

Hjálmar taldi nauðsynlegt að hefja að nýju almenna námsflokkestarfsemi í formi stuttra námskeiða, svo sem um sögu Suðurnesja, fundarsköp, jarðfræði, kalitækni o.fl. sem nefnt er í áðurgreindri skýrslu frá 2. maí í vor.

Töldu skólanefndarmenn æskilegt að hefjast handa á þessu sviði á þessari önn.

5. Önnur mál

a) Jón Böðvarsson lagði fram drög að erindisbréfi fyrir nýráðinn húsvörð.

Eru þar taldir helstu verkþættir er varða daglega vörslu, reglubundin verkefni - önnur en dagleg ~~varsla og aðrir verkliðir~~ á starfssviði hans.

Drög eru samin með hliðsjón af erindisbréfi húsvörðar Menntaskólans í Reykjavík, en að sjálfsögðu staðfærð. Í drögunum eru ekki ákvæði um vinnutíma á ári, viðverutíma hvern dag né launaflokk og aukavinnutíma.

Í umræðum komu fram ýmsar gagnlegar ábendingar. Samþykkt var að fela skóla-meistara og aðstoðarskólameistara að ganga frá erindisbréfi ásamt formanni skólanefndar - á grundvelli draganna með hliðsjón af ábendingum í umræðum.

- b) Jón skýrði frá að Iðnfræðsluráð hafi fyrir skömmu staðfest tillögu fræðslunefnda í hársnyrtigreinum um að taka upp svonefnt Pivot Point kerfi sem kennt hefur verið í skólum víða um lönd í allmörg ár. Að ósk fræðslunefnda í hársnyrtigreinum og Sambands iðnfræðsluskóla hélt Iðnfræðsluráð síðan námskeið fyrir kennara í greinum þessum í Iðnskólanum í Reykjavík dagana 6.- 17. ágúst. Leiðbeinandi var Rita Klotter frá Pivot Point International í Chigago. Kennnt var alla virka daga frá morgni til kvölds. Námskeiðið sóttu níu kennarar frá þrem skólum : Iðnskólanum í Reykjavík, Iðnskóla Hafnarfjarðar og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. - Nauðsynlegt var að báðir kennarar skólans í hársnyrtigreinum : Hörður Guðmundsson og Svanhildur Kjær - sæktu námskeiðið sökum þess að framvegis verður Pivot Point kerfið eitt viðurkennt í þjálfun handbragða við klippingu og greiðslur. Samþykkt var tillaga formanns þess efnis að kennararnir fengju greidda dagpeninga fyrir þátttökuna í námskeiðinu.
- c) Jón skýrði frá að aðalfundur Sambands iðnfræðsluskóla yrði haldinn á Akranesi 29. september næstkomandi og lagði til að Hjálmar Árnason og Sturlaugur Ólafsson yrðu kjörnir fulltrúar skólans . Var það samþykkt. Jón sagði að Ingólfur Halldórsson væri sjálfkjörinn sem starfandi skólameistari. Varafulltrúar verða Jón Valdimarsson og Jón Böðvarsson.
- d) Edda Rós Karlsdóttir, formaður nemendafélagsins upplýsti að tveir skiptinemar yrðu við nám í skólanum á komandi vetri, piltur frá Brasilíu og stúlka frá Frakklandi. Undanfarin fjögur ár hefur einn skiptinemi verið á vetri hverjum (frá Sviss, Frakklandi, Ítalíu og Kanada) - og hefur í öll skiptin vel til tekist um dvöl þeirra.
- e) Gísli Torfason, fulltrúi kennara, spurði hver niðurstaða hefði orðið varðandi eftirlaun Júlíusar Óskarssonar, fyrrverandi húsvarðar. Ingólfur upplýsti að tekist hafi að tryggja honum full eftirlaun í samræmi við starfsaldur og niðurstaða því orðið betri en ~~áhorfist~~ um sinn.
- f) Hjálmar skýrði frá að skólaskýrsla fyrir sex fyrstu starfsárin væri að mestu fullbúin til prentunar og kæmi út innan skamms. Kostnaður við prentunina væri 90-120 þúsundir króna miðað við 1000 eintaka upplag. Samþykkt var að prenta 1200 eintök og að söluverð skyldi vera 150-200 krónur. Lokaákvörðun um einingarverð verður tekin með hliðsjón af heildarkostnaði. Jón vakti athygli á að hér væri á ferðinni fyrsta skólaskýrsla frá fjölbrautaskóla. Ritstjórar eru Jón Böðvarsson og Hjálmar Árnason. Að tillögu Halldórs var Hjálmar falið að ganga frá skýrslunni.
- Fleira var ekki gert. Fundi slitið.
- Jón Böðvarsson og Valtýr Guðjónsson sömdu fundargerðina.

Fylgiskjal með 3.lið fundargerðar nr. 90:

Þegar samstarf allra sveitarfélaga á Suðurnesjum hófst um byggingu og rekstur iðnskóla í Keflavík 1972, var eftirfarandi klausa í samningnum:

"Stofn og reksturskostnaði skipta sveitarfélögin á milli sín ár hvert í hlutfalli við fólksfjölda þeirra l.des.árið áður, að því viðbættu að Keflavíkurbær borgar 5 % af framlagi hinna sveitarfélaganna vegna staðsetningar skólans í Keflavík, og 0.7 % af framlagi hvers þeirra fyrir hvern km. vegna fjarlægðar þeirra frá Keflavík"

Þá var enginn akstur á vegum skólans.

Með nýjum samningi um Fjölbrautaskólann greiða öll sveitarfélögin eftir íbúðafjölda þeirra l.des. árið áður, sama hver fjarlægð þeirra er frá skólanum.

Frá því að FS var stofnaður hefur verið haldið uppi skólaakstri til nágrannabyggðanna sem greiddur hefur verið af rekstraraðilum skólans, sveitarfélögum og ríki.

Síðast-liðinn vetur barst bréf frá fjármáladeild mennatmálaráðuneytisins þar sem tilkynnt var, að taka skyldi ~~sem~~ svaraði strætisvagnagjaldi eins og það er í Reykjavík (nú kr.12.50 í ferð) af þeim sem notuðu skólabíla vegna skólaakstursins, og mundi ríkissjóður greiða helming aftirstöðva kostnaðar við skólaakstur, (í stað helmings alls kostnaðarins áður).

I.H.